**160. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 31. mars 2025 kl. 16.30 á Höfða**

Stjórnarmenn:
Einar Brandsson formaður
Björn Guðmundsson varaformaður
Elsa Lára Arnardóttir
Helga Harðardóttir varamaður
Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsfólks

Starfsmenn:
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri
Valdís Eyjólfsdóttir verðandi framkvæmdastjóri
Fundargerð ritaði: Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) **Ársreikningur 2024**
Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarstofunni Álit ehf. fór yfir ársreikninginn ásamt framkvæmdastjóra.
Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur Höfða 1.641,7 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta námu 1.644,3 mkr. Afskriftir námu 30 mkr. og fjármagnsliðir nettó 18,9 mkr. Gjaldfærsla vegna meiriháttar viðhalds fasteignar nam 129,3 mkr. og tekjufærsla á móti upp á 113,9 mkr. Önnur gjaldfærsla undir öðrum liðum nam 32,3 mkr. Rekstrarafkoma ársins er neikvæð um 61,3 mkr.
Handbært fé lækkar um 7 mkr. og nam 97,9 mkr. í árslok 2024.
Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikninginn með undirskrift sinni.

2) **Endurskoðunarskýrsla 2024**
Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarstofunni Álit ehf. fór yfir skýrsluna. Stjórn þakkar Jóhanni fyrir yfirferð á skýrslunni.
Lögð fram.

3) **Yfirferð á verkinu endurnýjun þak- og veggjaklæðninga**
Anna Einarsdóttir byggingastjóri og Björn Kjartansson formaður framkvæmdanefndar fóru yfir verkið.

4) **Afskrift viðskiptakrafna**
Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra um afskriftir viðskiptakrafna að fjárhæð kr. 36.000.

5) **Samningsumboð vegna þjónustusamninga hjúkrunarheimila**
Lagt fram.

EB.
LÁ ETB
ÓIG ÁÞ

6) **Erindi frá ráðherranefnd um öldrunarþjónustu**
   Lagt fram ásamt svari framkvæmdastjóra.

7) **Niðurstöðuskýrsla viðhaldsúttektar og launagreiningar jafnlaunakerfis**
   Lögð fram.

8) **Úrskurður kærunefndar jafnréttismála**
   Samkvæmt niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála braut Höfði ekki gegn lögum nr.150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, við ráðningu í starf hjúkrunardeildarstjóra.

9) **Fundargerðir Framkvæmdanefndar Höfða frá 27.03.2025**
   Lögð fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:48